

sjóðsreikningi og áætlun um tekjur og gjöld skal oddviti sýslunefndar senda raf- **166**  
orkumálastjóra að afstöðnum sýslufundi. **19. ágúst**

#### 7. gr.

Úr rafveitusjóði má ekki greiða styrk til annarrar héraðsrafmagnsveitu í sýslunni en héraðsrafmagnsveitu ríkisins, nema veitan hafi reglugerð, staðfesta af ráðherra, er heimili henni að njóta styrks úr rafveitusjóði sýslunnar, og rafmagnsnotendur hennar greiði sjóðnum heimtaugargjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.

#### 8. gr.

Ef einstakir bændur í sýslunni eða fleiri saman reisa vatnsaflsrafstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í nágrenni framtíð, má veita þeim til þess lán úr rafveitusjóði, allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar með 2% vöxtum til 15 ára, enda séu stöðvarnar vel gerðar að dómi raforkumálastjóra. Umsóknir um lán úr sjóðnum sendist oddvita sýslunefndar, en sýslunefnd ákveður lánveitingar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 19. ágúst 1952.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um veðlán úr lífeyrissjóði barnakennara og ekkna **167**  
þeirra, nr. 131 4. júlí 1951. **19. ágúst**

#### 1. gr.

Fyrri málslíður 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:  
Lántakandi greiðir árlega 6% vexti af skuld sinni.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „6% ársvexti af skuld sinni“ í 6. gr., 2. mgr., komi: hæstu lögleyfða fasteignalánavexti.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1952.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzzson.*